



einsog Jesús

BETA

ég lifi stöðugt í návist Jesú

13

?

vissir þú að...

Fótspor í sandinum

Nótt eina dreymdi mig að ég gekk meðfram stönd með Drottinn mér við hlið. Margar svipmyndir úr lífi mínu leiftruðu um himininn.

Með hverri svipmynd tók ég eftir fótsporum í sandinum. Stundum voru tvö pör af fótsporum, stundum bara eitt.

Mér fannst óþægilegt að sjá þetta því þegar mér leið ekki sem best, þegar ég var þjáðist af sálarkvöl, sorg eða beið ósigurs, sá ég aðeins ein fótspor svo ég sagði við Drottinn:

„Þú lofaðir mér, Drottinn, að ef ég fylgdi þér myndir þú ávallt ganga mér við hlið. En ég hef tekið eftir því að þegar ég gekk í gegnum erfiðustu lífsreynslurnar voru aðeins ein fótspor í sandinum. Hvers vegna varstu ekki hjá mér þegar ég þarfaðist þín mest?“

Drottinn svaraði: „Þau ár sem þú sást aðeins ein fótspor, barnið mitt, var þegar ég hélt á þér.“

Höfundur ókunnugur.

Photo: SXC wwskies



sögulegar staðreyndir

Guð er alltaf með okkur, bara vegna þess að við sjáum Hann ekki eða finnum ekki fyrir Honum táknað ekki að Hann sé ekki þar. Jafnvel þó við finnum fyrir sársauka eða erfiðir hlutir koma fyrir okkur þá er Guð samt hjá okkur. Líttu á það sem Biblían hefur að segja:

1. Hvaða loforð gaf Guð Jósúa áður en hann leiddi Ísraelsmenn inn í fyrirheitna landið? (Jósúa 1:5-9)

2. Hvaða loforð gefur Guð okkur í Jesaja 43:1-4, þegar við göngum í gegnum erfiðleika?

3. Hvað sagði engillinn að fólkið myndi kalla Jesú og hvers vegna? (Matteusarguðspjall 1:23)

4. Hvað er það seinasta sem Jesús segir lærisveinum sínum í Matteusarguðspjalli? (Matteusarguðspjall 28:20)

5. Hvaða meginreglu í Hebreabréfinu 13:5 ættum við að lifa eftir ef við viljum lifa í stöðugri návist Guðs?



hugsum málið

1. Hvað er það mikilvægasta sem þú last um návist Guðs við okkur og hvers vegna?

2. Hvers vegna heldur þú að margir haldi að Guð hafi yfirgefið þá? Hefur það verið þín reynsla, ef svo er, hvers vegna hélstu það?



venjur til að endurspeglar hjarta Jesú ~ þjálfun í návist Guðs

bróðir Lawrence

Þetta orðalag „þjálfun í návist Guðs“ kemur úr bók sem skrifuð var af bróður Lawrence á 17. öld. Bróðir Lawrence hafði lesið margar bækur um hvernig maður er í sambandi við Guð og var meira en lífið undrandi á þeim. Í framhaldi af því og vegna þessa að hann þráði að lifa algjörlega fyrir Guð ákvað hann að reyna að lifa eins og hann og Guð væru einir saman í heiminum. Í bréfi sem hann skrifaði útskýrir hann hvernig hann fór að þessu:

Hvenær sem var, á hverjum klukkutíma, hverri mínútu, jafnvel þegar ég var mest upptekinn, hrakti ég allar þær hugsanir í burtu sem trufluðu hugsanir mínar um Guð. (The Practice of the Presence of God, 32)

Hann reyndi að gera þetta að venju sinni í sínu lífi. Þannig var hann meðvitaður um að hann væri stöðugt að ganga í návist Guðs.

Bróðir Lawrence var að sjálfsögðu ekki að reyna að forðast fólk eða það að lifa lífinu, heldur var ætlun hans að leyfa návist Guðs að vera svo raunveruleg og sterk í huga hans að það hvernig Guð hugsaði og lifði myndi móta hvernig hann lifði meðal fólksins.

Þegar bróðir Lawrence var á bæn hugsaði hann um sjálfan sig á mismunandi vegu:

Stundum sá ég sjálfan mig sem auman

glæpamann frammi fyrir dómara sínum, á öðrum stundum sá ég Guð fyrir mér sem Föður minn og Guð.... Stundum sá ég sjálfan mig sem óskorinn stein frammi fyrir útskurðamanni sem mótaði mig að stytta og eftir því sem að ég kom þannig frammi fyrir Guði, þráði ég að Hann mótaði sál mína fullkomlega eftir sinni mynd. (Ibid., 31-37)

Þetta var það sem bróðir Lawrence einbeitti sér að, að endurspeglar mynd Guðs að innanverðu. Er það þín þrá? Hugsarðu einhvern tíman um það að þú lifir stöðugt í návist Guðs? Guð vill að við munum eftir því, vegna þess að þegar við gerum það getum við alltaf beðið Hann um hjálp og leiðsögn.

við berjumst öll við að muna

Vegna þess að við verðum öll upptekin og eigum það til að gleyma Guði var Jesú gefið sérstakt nafn. Engillinn sagði við Jósep, „Sjá,

mærin mun þunguð verða og son ala. Nafn hans mun vera Immanuel,“ það þýðir: Guð með oss.“ (Matteusarguðspjall 1:23) „Guð með oss“, Guð vill ekki að þú gleymir því að hann mun aldrei yfirgefa þig og Jesús minnti lærisveina sína á þetta þegar Hann steig upp til Himna: „Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ Þetta loforð um návist Hans er líka til þín.

að framkvæma venjuna

Markmið okkar er að lifa stöðugt og meðvitað í návist

hvernig getur Guð verið stöðugt hjá okkur?

Hvernig getur Guð verið stöðugt hjá okkur jafnvel þó að á jörðinni séu 6 billjón menn og allir á mismunandi stöðum? Hér kemur tilraun til að útskýra þann möguleika:

Hvar ert þú þessa stundina? Siturðu? Ef svo er, ef ég myndi slá þig í fótinn, myndirðu finna fyrir því? Ef ég myndi klípa í handlegginn á þér, myndirðu líka finna fyrir því? Ertu þá „í“ hendinni þinni og fætinum? Hvar ert „þú“ eiginlega í líkama þínum? Raunin er sú að „þú“ ert alls staðar í líkama þínum. (Sjá „The Divine Conspiracy“ eftir Dallas Willard)

Veltu nú þessu fyrir þér: Guð er í alheiminum eins og þú ert í líkama þínum. Þar sem þú ert í líkama þínum alls staðar á sama tíma, þannig er Guð í alheiminum.

Þannig getum við byrjað að reyna að skilja þetta. Þegar við komust til Himna getum við vonandi talað við Guð og reynt að skilja þetta aðeins betur!

Guðs. Þú gæti byrjað á því að reyna þetta í 5 mínútur og svo jafnvel í heilan dag eða meira. Tilgangurinn er að hafa alltaf beint samband við Guð sem að gerir okkur opin fyrir leiðsögn, mætti og uppörvun Heilags anda.

Lýstu, í dagbókinni þinni, hvernig þessi þjálfun í návist Guðs hefur áhrif á hugsanir, val og athafnir þínar í gegnum daginn. Breytti þessi þjálfun í

návist Guðs því hvernig þú talaðir við fólk? Breytti þetta hvernig þú eyddir tíma þínum og um hvað þú hugsaðir? Hafði það áhrif á það hvernig þú upplifðir Guð? Var þetta erfitt? Ef það er raunin, hvers vegna? Þetta er væntanlega ekki mjög auðvelt, fyrstu skiptin en því meiri þjálfun sem þú færð, því auðveldara verður þetta og þeim mun meira hefuru upp úr því!

Vissir þú að í bók Esterar er orðið „Guð“ hvergi nefnt?

Samt er sagan um það hvernig Guð vinnur linnulaust að því að bjarga fólki sínu!



yfirlit

Í „sögulegar staðreyndir“ sáum við mörg dæmi um það hvernig Guð fullvissar okkur um að Hann muni alltaf vera hjá okkur, jafnvel þótt að Hann lífi ekki út fyrir að vera þar. Þó svo að það sé mjög freistandi að upplifa hræðslu er Guð samt hjá okkur.

Í „hugsum málið“ fékkstu að hugsa um hvernig þú upplifir návist Guðs og áskorun um að lifa meðvitað í Hans návist.

Í „venjur til að endurspeglar hjarta Jesú“ litum við á hvernig við getum fengið „þjálfun í návist Jesú“ eins og bróðir Lawrence fékk. Því meira sem við þjálfum, þeim mun tengdari munum við verða mætti Guðs og leiðsögn Hans í okkar lífi. Það þýðir að jafnvel þótt lífið verði erfitt munum við upplifa meiri og meiri gæsku og kærleik Guðs.

Enok gekk með Guði í þrjú hundruð ár áður en hann var uppnuminn til Himna og ástand heimsins þá var ekkert betra en í dag til myndunar kristinnar lyndiseinkunnar. Hvernig gekk Enok með Guði? Hann lærði að hugsa og finna fyrir návist Guðs og þegar hann varð ráðbrota bað hann til Guðs og Guð gætti hans. (Last Day Events, bls. 71)



tími minn með Guði

Reyndu í þessari viku að minna sjálfa(n) þig, eins oft og þú getur í gegnum daginn, að þú ert, á þessari stundu, í návist Jesú. Notaðu dagbókina þína í enda dagsins til þess að skrifa niður hugsanir þínar og þá breytingu sem þó tókst eftir þann daginn.



láttu ganga!

Getur þú kennt einhverjum hvernig maður þjálfast í návist Guðs?



auka hjálp

1. „Practising the Presence of God“ eftir bróðir Lawrence.